

Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 17.október 2023

Staðsetning: Teams

Tímasetning: Fundur hófst kl. 16:00

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Sonja Sif og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Umræða um félagsaðild og fundinn sem haldinn var af hálfu Björgvins í dómaranefnd.
Langhlaupanefnd leggur til að skipuð verði 3 manna nefnd undir stjórn formanns dómaranefndar, með aðkomu langhlaupanefndar og skrifstofu FRÍ. Slík nefnd fengi það verkefni að klára "reglugerð" varðandi félagsaðild hlaupara og hlaupahópa. Langhlaupanefnd ítrekar einnig ósk um greiningu á ferli umsóknar að Frjálsíþróttasambandinu þ.e. hvernig bera hópar/félög sig að varðandi aðild að sambandinu.
2. Rætt um hvernig hægt sé að virkja yngri þátttakendur í hlaupum t.d. með skólakeppnum , styttri utanvegahlaupum svo eitthvað sé nefnd. Sonja Sif mun kanna þetta frekar t.d. áhuga íþróttakennara á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi til slíkra viðburða.
3. Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:35.

Friðleifur ritaði fundargerð.